



Dagsetning: 12. september 2023
Málsnúmer: 2309099/2.4

Til Mannvirkja- og veitunefndar

Gjaldskrá fjarvarmaveita Fjarðabyggðar

Við yfirferð á rekstri fjarvarmaveita í Neskaupstað og á Reyðarfirði hefur komið í ljós að ekki hefur tekist vel í umróti orkukaupa síðustu ára að tryggja rekstrarlega afkomu þessara tveggja deilda Hitaveitu Fjarðabyggðar.

Hér að neðan er tafla sem lýsir rekstrarafkomu Hitaveitunnar og sérstaka sundurliðun á kostnaði við fjarvarmaveitur. Framlegð fjarvarmaveita þarf að vera um 35% af tekjum til að mæta sameiginlegum liðum s.s. sameiginlegum kostnaði, fjármagnsgjöldum, afskriftum o.s.frv. Því markmiði hafa veiturnar tvær ekki náð síðustu ár og þá sérstaklega ekki veitan á Reyðarfirði.

Heiti	Raun 2020	Raun 2021	Raun 2022	Áætlun 2023 janúar-júlí	Raun 2023 - janúar - júlí
Fjarvarmaveita Neskaupstað					
0563 Selt heitt vatn 11%	-50.153.146	-51.447.304	-60.061.846	-55.968.162	-31.738.044
Annar beinn rekstrarkostnaður	1.604.437	3.691.011	972.721	3.210.000	277.040
Orkukostnaður samtals	32.250.696	31.203.655	45.349.554	34.760.000	22.065.539
Framlegð	-16.298.013	-16.552.638	-13.739.571	-17.998.162	-9.395.465
Framlegð til sam.kostn., afskrifta og fjármagns	32,5%	32,2%	22,9%	32,2%	29,6%
Farmlegð orkukaupa á móti sölutekjum	35,7%	39,3%	24,5%	37,9%	30,5%
Fjarvarmaveita Reyðarfirði					
0563 Selt heitt vatn 11%	-15.415.858	-16.477.054	-21.416.469	-17.113.491	-11.376.006
Annar beinn rekstrarkostnaður	3.960.724	2.627.023	1.937.477	2.400.000	405.007
Orkukostnaður samtals	13.541.963	13.474.460	20.476.847	10.000.000	7.840.767
Framlegð	2.086.829	-375.571	997.855	-4.713.491	-3.130.232
Framlegð til sam.kostn., afskrifta og fjármagns	-13,5%	2,3%	-4,7%	27,5%	27,5%
Farmlegð orkukaupa á móti sölutekjum	12,2%	18,2%	4,4%	41,6%	31,1%
Aðrar deildir Hitaveitu Fjarðabyggðar					
43250 HITAVEITA ESKIFIRÐI	-106.745.711	-103.118.111	-103.149.209	-104.217.243	-60.569.862
43210 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	45.966.340	43.883.612	49.693.263	48.212.979	25.389.316
43810 FJÁRMUNATEKJUR	-6.168.511	-6.615.076	-6.853.354	-8.406.413	-3.663.876
43840 FJÁRMAGNSGJÖLD	15.986.398	10.138.379	13.574.382	10.721.593	7.672.555
43880 AFSKRIFTIR	19.912.440	20.237.115	20.909.050	21.023.955	12.370.596
43920 OPINBERAR ÁLÖGUR	12.865.750	14.236.958	4.346.580	0	0
43970 ÁFALLNAR VERÐB. OG GENGISMUNUR	11.042.809	14.538.042	27.007.532	16.779.682	18.008.900
REKSTRARNIÐURSTAÐA	-21.351.669	-23.627.290	-7.213.472	-38.597.100	-13.318.068

Árið 2022 einkennist af miklum sveiflum í orkukostnaði vegna lokunar á kaupum á ótryggri orku. Þokkalega tókst að setja kostnaðinn út á notendur í Neskaupstað en illa á Reyðarfirði. Veitan á Reyðarfirði hefur gengið í gegnum mikla endurnýjun sem hefur kostað töluverða fjármuni. Ráðast þurfti í framkvæmdir við veituna á Reyðarfirði vegna krafna frá RARIK. Almennt er töluverð óvissa um þróun á möguleikum til að kaupa ótrygga orku til kyndistöðva.



Ljóst að Landsvirkjun vill leggja þessa söluvöru af. Á meðan hún er í boð þá er hún lagóðýrast kosturinn sem Fjarðabyggð býðst til að reka þessar kyndistöðvar.

Síðustu 12 mánuði hefur innkaupakostnaður á ótryggri raforku til veitunnar í Neskaupstað numið um 5,78 kr/kWh en síðustu 9 mánuði á ótryggri raforku 7,62 kr/kWh vegna veitunnar á Reyðarfirði. Munurinn er 1,84 kr/kWh (32%) og skýrist það af stærðarmun á veitunum (sitt hvor taxtinn hjá RARIK. Núgildandi gjaldskrá fjarvarmaveita fyrir Neskaupstað er 9,5 kr. á hverja kílóvattastund og 11.55 kr. á hverja kílóvattastund fyrir Reyðarfjörð.

Það er tillaga undirritaðs að við ákvörðun um gjaldskrá ársins 2024 verði miðað við að gjaldskrá veitunnar í Neskaupstað hækki um 10% frá árinu 2023 og að gjaldskrá veitunnar á Reyðarfirði hækki um 15% frá árinu 2023 og miðað verði til framtíðar að framlegð hvorrar veitu verði að lágmarki 35% til sameiginlegra rekstrar- og fjármögnunarpáttu.

Snorri Styrkársson
Fjármálastjóri